

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2014-2015 01.01. 2015 6. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú hefur árið 2014 kvatt okkur og árið 2015 heilsað með nýjum áskorunum og verkefnum. Á komandi mánuðum verður mikið um að vera hjá okkur en núna í janúar munum við halda 15.000 miða hátíð en hana höldum við einu sinni á ári í tilefni þess að allur skólinn hefur í sameiningu safnað 15.000 hrósmiðum. Þessu markmiði náðum við í desember þannig að við erum byrjuð að safna fyrir næstu hátíð. Öðruvísi dagar verða einnig núna í janúar en þá skipuleggur nemendaráð. Þessa daga komum við til með að fylgja einhverju þema fyrir hvern dag og má sjá fyrirkomulagið hér fyrir neðan.

Við viljum minna á að ábyrg og örugg netnotkun er eitthvað sem allir foreldrar þurfa að huga að varðandi börnin sín. Á heimasíðu SAFT geta foreldrar fundið ýmsar upplýsingar og heilræði sem er ætlað að styðja þá í því að börnin þeirra umgangist netið á jákvæðan og öruggan hátt. Á næstu blaðsíðu má finna samfélagsmiðasamning frá Þuríði Önnu námsráðgjafa þar sem foreldrar og börn geta gert með sér samkomulag um örugga netnotkun.

Við hér í skólanum lítum björtum augum til komandi árs og sameiginlega tökumst við á við þau verkefni sem biða okkar. Við verðum að muna að það er sameiginlegt verkefni okkar allra að gera starfið í skólanum okkar sem árangursríkast, því saman lærum við, náum árangri og gleðjumst.

Bestu þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári og megi nýtt ár taka á móti okkur með bros á vör!

*Bestu kveðjur úr skólanum,
Ólöf Inga*

Hitt og þetta



SAMFÉLAG, FJÖLSKYLDA OG TÆKNI

SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Programme, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli – landssamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins í formlegu samstarfi við Rauða krossinn, Ríkislögreglustjóra og Barnaheill – Save the Children Iceland.

Fátt er svo með öllu illt.



Þegar vindurinn hvein og söng hér í byrjun desember þá gladdist Jói húsvörður mjög. Ástæðan er að

vindurinn sópaði öllu laufinu í kringum skólann í hrúgur fyrir hann. Átta pokar voru fylltir af sölnuðu laufi.

Snjókorn falla....

Mikill snjór hefur safnast í innigarða skólans sem



og annars staðar. Á þessum myndum má sjá krakkana úr 6. bekk njóta þess að leika sér í honum.

Á döfinni í janúar:

5. jan.	Skipulagsdagur	
6. jan.	Skólastarf hefst skv. stundaskrá	
19.- 23. jan	Öðruvísi dagar	- 19. jan - íþróttaföt - 20. jan. - bangsadagur - 21. jan. - gulur dagur - 22. jan. - búningadagur - 23. jan. - sparidagur

Frá námsráðgjafa:

Samfélagsmiðlasamningur fyrir börn



- ☐ Ég fæ leyfi foreldra minna áður en ég stofna aðgang að samfélagsmiðli á netinu.
- ☐ Ég leyfi foreldrum mínum að sjá aðgangsstillingar mínar og setja foreldrastillingar á alla samfélagsmiðla sem ég hef aðgang að.
- ☐ Ég læt foreldra mína fá aðgangsorð að öllum mínum síðum á samfélagsmiðlum.
- ☐ Ég læt engan annan en foreldra mína hafa aðgangsorðin mín að samfélagsmiðlum.
 - ☐ Ég breyti ekki aðgangsorðum mínum nema með leyfi og vitund foreldra minna.

Deila:

- ☐ Ég birti ekki eða deili með neinum nafni mínu, heimilisfangi, skóla, áhugamálum eða öðrum persónulegum málum nema með leyfi foreldra minna.
- ☐ Ég birti ekki myndir af sjálfum/ri mér eða deili þeim án leyfis foreldra minna.
- ☐ Ég birti ekki myndir af fjölskyldu minni eða vinum án þeirra leyfis.
- ☐ Ég birti ekki eða deili óviðeigandi myndum, myndböndum eða skrifum.

Hegðun:

- ☐ Ég hitti engan sem ég hef kynnst á samfélagsmiðli.
- ☐ Ég tek ekki þátt í rafrænu einelti t.d. að setja inn óvinsamleg ummæli um aðra, myndir eða myndbönd.
- ☐ Ég læt foreldra mína vita ef ég verð fyrir rafrænu einelti.
- ☐ Ég fer eftir fyrirmælum foreldra mína varðandi tíma sem ég eyði í tölvu.
- ☐ Ég geri mér grein fyrir því að það getur verið lögbrot að birta eða deila á netinu myndum eða texta af ákveðinni gerð.

Afleiðingar:

Ég skil áhættuna sem ég tek með því að fara ekki eftir því sem er hér að ofan:

- 1. _____
- 2. _____
- 3. _____

Ég _____ samþykki ofangreinda skilmála um notkun samfélagsmiðla. Ég skil einnig að foreldrar mínir setja þessi skilyrði vegna þess að þeir bera umhyggju fyrir mér og vilja að ekkert illt hendi mig.

Dags/Undirskrift_____

Úr skólalífinu



SMT - UMBUN

Nemendur í 5. bekk urðu hlutskarpastir í nýjum hrósmiðaleik sem fór fram í desember. Að launum fengu þeir ísveislu einn morguninn og eins og sjá má á myndinni var almenn ánægja með hana.

ART ER SMART

Þá má geta þess að 5. bekkingar luku átta vikna ART— námskeiði um miðjan desember. Í ART - tímum æfa nemendur sig í félagsfærni, reiðistjórnun og fjalla um siðferðileg málefni. Í síðasta tímanum sýndu nemendur hvað þeir höfðu lært og léku stutta leikþætti sem fjölluðu um hópþrýsting, reiðistjórnun o.fl. Að síðustu gæddu svo allir sér á poppi og djúsi eins og þeir gátu í sig látið.




Kakó, spil og smákökur í 6. bekk

Í desember hittust allir hópar í list-og verkgreinum og spiluðu saman. Heimilisfræðihópurinn var búinn að baka smákökur og hita kakó sem þeir buðu

Úr skólalífinu: Fréttir frá 6. bekk

TRÚARBRÖGD Á AÐVENTUNNI

Í 6. bekk var áhersla á trúarbragðafraði á aðventunni. Fjallað var um hindúatrú, margbreytileika hennar og lífsviðhorf. Fjallað var um þekkta helgistaði, guði, tákni og hátíðir trúarinnar. Nemendur völdu sér viðfangsefni sem þeir vildu læra meira um og útbjuggu þeir kynningu fyrir bekkjarfélaga. Nemendur voru virkilega áhugasamir í þessari vinnu og gaman að hlusta á verkefnakynningar hjá þeim.



LITLU JÓLIN

Eins og undanfarin ár tók 6. bekkur virkan þátt í litlu jólum skólans. Nemendur æfðu helgileik og sýndu á litlu jólunum, í undirbúningi hans var fjallað um sögu jólanna og siði tengda þeim. Auk þess brugðu krakkarnir á leik í gervi jólasveina. Nokkrir krakkar leiddu svo söng meðan dansað var í kringum jólatréð. Skemmtilegar hefðir sem krakkarnir hafa gaman af að taka þátt í.



MATSEÐILL – janúar 2015

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
5.	6. Steiktur fiskur, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	7. Lambasneiðar, gratineraðar kartöflur, grænar baunir, sósa	8. Ofnbakaður fiskur með osti, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir, salatbar	9. Súpa, brauð, ávextir
12. Fiskibollur, kartöflur, lauksósa, grænmeti, ávextir	13. Kjötsúpa	14. Val nemenda: Kjúklingapasta, hvítlauksbrauð, salat	15. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, grænmeti, ávextir	16. Pottréttur, hrísgrjón, snittubrauð
19. Plokkfiskur, rúgbrauð, ávextir	20. Lasagne, snittubrauð, ávextir	21. Fiskfars í ofni, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	22. Píta með hakki, grænmeti, sósa	23. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
26. Hakkað buff, kartöflur, rauðkál, grænmeti, sósa	27. Fiskiklattar, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	28. Svínasnitzel, kartöflur, rauðkál, grænar baunir, steiktur laukur	29. Fiskur í ofni, kartöflur, ferskt grænmeti, salatbar, ávextir	30. Súpa, brauð, ávextir

UM ENDURSKINSMERKI

Með notkun endurskinsmerkja er hinn almenni vegfarandi að auka öryggi sitt til muna, hann sést fimm sinnum fyrr þegar hann lendir í ljósgeisla bíls miðað við þann sem er ekki með endurskin. Best er að velja

fatnað sem er með endurskini á. Ef endurskin er ekki til staðar á fatnaðinum þarf að hafa laus endurskinsmerki

á sér. Endurskinsmerkin þurfa að vera þannig staðsett að ljósgeisli frá bíl falli á þau hvort sem bíllinn kemur á

móti eða aftan að vegfaranda.


Staðsetning endurskinsmerkja

Endurskinsmerki þurfa að vera neðarlega og sjást frá öllum hliðum. Hangandi endurskinsmerki er best að setja

fyrir neðan mitti, eitt á hvora hlið. Allar skólatöskur/bakpokar eiga að vera með endurskinsmerki.

Á barnavögnum er best að hafa endurskin á öllum hliðum.

Sótt af vef Slysavarnarfélagsins Landsbjargar www.landsbjorg.is



FRÍSTUND OG MÖTUNEYTI

Ný gjaldskrá

Frá og með áramótum hækkar gjaldskrár Frístundar og mötuneytis um 4%. Það þýðir að verð á máltíð í annaráskrift verður kr. 411 og hver klukkustund í Frístund kostar kr. 343. Síðdegishressing kostar 130 kr. *Sjá nánar á heimasíðu skóladeildar Akureyrar.*

